

Ungmennafélag Íslands

Erindisbréf fyrir nefnd um Ungmennabúðir UMFÍ

Skipan og umboð

Nefndin er skipuð af fræðslunefnd UMFÍ að afloknu sambandsþingi og fer með mál í umboði fræðslunefndar UMFÍ og samkvæmt samþykktum lögum UMFÍ. Fræðslunefnd UMFÍ skipar nefndina og tilnefnir formann. Nefndin er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Nefnd um Ungmennabúðir UMFÍ

Jóhann S. Ingimundarson, stjórn UMFÍ, formaður.

Gissur Jónsson, stjórn UMFÍ.

Anton Scheel Birgisson, USVH.

Laufey Guðmundsdóttir, HSK.

Sveinn Ægir Birgisson, Ungmennaráð

Anna Margrét Tómasdóttir og Auður Inga Þorsteinsdóttir, starfsmenn nefndar.

Hlutverk og markmið

Hlutverk nefndar er að:

Skoða annarsvegar aðstöðumál og rekstur og hins vegar námsskrá Ungmennabúðanna. Sérstaklega er óskað eftir því að námsskráin sé borin við aðalnámsskrá grunnskóla.

Stjórn UMFÍ óskar eftir eftirfarandi vörðum:

- Janúar 2019 varðandi rekstur og aðstöðu og svo í framhaldinu á 3 mánaðar fresti.
- Febrúar 2020 liggja fyrir greining á núverandi námsskrá.
- Apríl 2020 liggja fyrir tillögur varðandi uppfærslu á námsskrá.
- Desember 2020 varðandi rekstur og aðstöðu.

Hæfi og skyldur nefndarmanna

Nefndin skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni UMFÍ að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt hagsmuni heildarinnar ofar sérhagsmunum, hvort sem heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra. Fulltrúar sem gætu átt hagsmuna að gæta skulu upplýsa um það áður en mál er tekið til umfjöllunar. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess. Með vanhæfni vísast til sveitarstjórnarlaga. Að öðru leyti vísast til siðareglna UMFÍ.

Nefndin hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi UMFÍ sem heyrir undir nefndina. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki UMFÍ. Sé þörf á vinnu starfsmanna UMFÍ vegna verkefna á vegum nefndarinnar skal ósk um slíka vinnu berast framkvæmdastjóra UMFÍ frá formanni nefndar eða starfsmanni hennar.

Fundir og starfshættir

Framkvæmdastjóri tilnefni starfsmann nefndarinnar. Starfsmaðurinn undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann, situr fundi hennar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður ritar fundargerðir nefndarinnar og ber ábyrgð á því að leggja fundargerð ásamt tillögum nefndarinnar fyrir næsta skipulagða fund fræðslunefndar.

Formaður nefndarinnar boðar fundi í samráði við starfsmann nefndarinnar. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það til formanns og starfsmanns nefndarinnar. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmeðlimir verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara. Fundi nefnda skal almennt halda með fjarfundabúnaði en sé nauðsynlegt að halda sameiginlegan fund á einum stað þá skal leita fyrirfram heimildar framkvæmdastjóra fyrir útgjöldum í samræmi við fjárhagsáætlun og fer þá kostnaður eftir ferðareglum UMFÍ. Rekstur nefndarinnar tekur mið af fjárhagsáætlunum UMFÍ hverju sinni. Nefnd er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í nafni UMFÍ.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum. Formaður og starfsmaður nefndar skulu leitast við að tryggja að í þeim málum sem til umfjöllunar koma í nefndinni sé andstæðum sjónarmiðum gert jafn hátt undir höfði og lýðræðisleg vinnubrögð jafnan viðhöfð. Nefndin getur boðað á sinn fund aðila til viðræðna um tiltekin mál. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um mál, sé þess óskað. Þagnarskylda þessi helst þó látið sé af þessum störfum.

Gildistaka

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í stjórn og tekur gildi 15. nóvember 2019. Starfstímabil nefndarinnar lýkur á sambandsþingi UMFÍ haustið 2021.